

# Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands

Fundur 21. mars 2009

## 4. fundur

Fundarstaður – Minni Borg, bústaður 5

Mætir: Arnar Bill, Sigurður Þórir, Kristján og , Ómar

### 1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt

**2. Gjafir með ársgjaldi.** Ómar ítrekar við Jóhann um að fá senda mynd af taktík töflu. Hugmynd um húfu með merki félagsins á.

**3. Ákvörðun um ráðstefnu evrópska þjálfarafélagsins 2010.** Sigurður Þórir hefur tilkynnt evrópska knattspyrnuþjálfarasambandinu það að við getum ekki gefið afgerandi svar strax. Ómar og Sigurður Þórir fara og hitta Geir og Þórir hjá KSÍ og ræða við þá um aðkomu þeirra að ráðstefnunni og fjárhagslegu hliðina.

**4. Starfsreglur fræðslunefndar KSÍ.** Athugasemdir Úlfars skoðaðar og ákveðið að senda fyrirspurn um eftirfarandi starfsreglur á réttan aðila. Ekki vitað hver rétti aðlinn er, Sigurður Ragnar eða Þórir Hákonar.

Að annast endurmenntun þjálfara – Eru til einhverjar reglur/viðmið og dagskrá um skipulag eða uppsetningu endurmenntun þjálfara hjá KSÍ?

Að halda gagnagrunn um íslenska þjálfara– er ekki hægt að setja inn í leyfiskerfið að hvert félag skili inn hver þjálfar hvaða flokk.

Að fylgja eftir stefnuyfirlýsingu KSÍ um þjálfun barna og unglunga og annast endurskoðun hennar – Hver er staðan á nefndinni sem samþykkt var að setja saman á síðasta þingi?

Að hafa umsjón með útgáfu fræðsluefnis um knattspyrnu og knattspyrnuþjálfun – Lítið sem ekkert verið gefið út. Hugmynd um að KÞÍ komi með lista yfir efni sem athyglivert væri að þýða.

Að hafa umsjón með útgáfu og endurskoðun Kennslu- og æfingaskrár KSÍ– Hvenær var hún síðast endurskoðuð?

Að vera umræðuvettvangur um framfarir og þróun í íslenskri knattspyrnu – Er eitthvað í gangi þar? Vantar einnig umræður um þróun í knattspyrnuþjálfun.

Að standa fyrir rannsóknum í tengslum við íslenska knattspyrnu og þjálfun– Þjóða út ákveðin verkefni til íþróttaháskólanna.

Aflvaki nýrra hugmynda og þróunar í íslenskri knattspyrnu – Hvað er í gangi þar? Sparkvallaverkefnið dæmi um hvað hægt er að gera vel þar.

**5. Tekin fyrir svör félagsmanna við könnunum KBÍ.** Eftirfarandi óskir og svör komu frá fleiri en einum félagsmanni. Það voru alls 17 félagsmenn sem tjáðu sig.

Spurning 1. Hvaða verkefni vilti að KBÍ einbeiti sér að á næstu árum?

Athygli vekur að það er mikið verið að biðja okkur um að sinna verkefnum sem KSÍ á að vera að gera.

-Koma á fundum þjálfara sem eru að þjálfra krakka á svipuðu aldursbili, t.d. húa saman öllum þjálfurum 5kk.

-Fá erlenda þjálfara til landsins.

-Stuðla að endurmenntun þjálfara.

-Þjálfarar stærri félaganna fari sem gestþjálfarar til minni félaga.

-Meiri áherslu á markmannsþjálfun.

-Fræða þjálfara um samningamál.

Spurning 2. Hvaða tillögur hefur þú fyrir heimasíðu KBÍ?

-Meira efni inn á síðuna og reglulegar

-Fleiri æfingar

-Komi fram í félagatalinu hvar hver og einn þjálfari er að þjálfra.

-Spjall

-Rúllandi fréttir af íþróttasíðum og t.d. af leikjum vikunnar af KSÍ.

Spurning 3. Hefur þú nýtt þér æfingabankann af þjálfarinn?

Já – 10 Nei – 7

Spurning 4. Hvað ertu ánægðastur með hjá KBÍ?

-Fræðslustarf

-Stjórnina

-Formanninn (2 atkvæði)

Spurning 5. Annað sem þú vilt koma á framfæri?

-Val á þjálfurum ársins vafasamt, erfitt að rökstyðja.

-Fá erlend tímarit

-Stuðla að samræmi í launum þjálfara

-Er hægt að ráða starfsmann í ½ stöðu?

## 6. Lög og reglugerðir KBÍ, naflaskoðun

- 3. grein – Að vinna að hagsmunamálum knattspyrnuþjálfara í *hvívetna* – taka út í hvívetna
- 9. grein – auglýsa skal aðalfund með tveggja vikna fyrirvara í *fjölmiðlum* – taka út í fjölmiðlum
- 9. grein – Hvers vegna er klásúlan um KSÍ inni, spyrja gamla stjórnarmenn
- 11. grein c) – Framhaldsfundur auglýstur með tveggja vikna fyrirvara í stað eins vikna.

## 7. Hvað er KBÍ ?

Það er ljóst á svörum félagsmanna að mikil ánægja ríkir með störf stjórnar og vilja menn að við höldum okkar striki. Þó vilja menn öflugri heimasíðu. Arnar tekur að sér að setja meiri kraft í þjálfarinn/æfingabankann. Ómar ætlar að skoða möguleikan á því að setja inn rúllandi fréttir, m.a. leikjaprógramm af KSÍ.

Skoðuð var stefna norska knattspyrnuþjálfarafélagsins en Kristján hefur tekið að sér að þýða það ágæta plagg.

Arnar ætlar að tala við Bjarna Stefán Konráðsson varðandi tímaritið *Success in soccer*. Hugmynd að gefa eintak með árgjaldinu og láta fylgja með áskriftareyðublað.

Hugmyndir að dagskrá fyrir 2009:

Bikarúrslitaráðstefnur

Opin æfing og aðgangur að fundi með Sigurði Ragnari stuttu fyrir EM kvennalandsliða

Koma saman þjálfurum til skrafs og ráðagerða – Kristján sér um mfl.kk, Tala við Úlfar um mfl.kvk. Sigurður þórir smalar saman þjálfurum í 2kk. Arnar tekur að sér 5kk og spurning um að Úlfar skoði 3. Flokk og 4. Flokk karla.

Arnar Bill 23. mars